

Minnisblað til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Titill: Framkvæmd endurútreiknings lána á grundvelli laga nr. 151/2010
Dags.: 5. júlí 2013
Unnið af: Eftirlitssviði Fjármálaeftirlitsins
Tilurð: Beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Í bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 28. júní sl., er óskað eftir minnisblaði frá Fjármálaeftirlitinu þar sem fjallað væri m.a. um heimildir Fjármálaeftirlitsins, athafnir Dróma hf. og fyrirvara við endurútreikninga lána á grundvelli laga nr. 151/2010. Verður hér að neðan fjallað sérstaklega um hvert atriða fyrir sig.

Heimildir Fjármálaeftirlitsins

Í bréfi nefndarinnar er óskað eftir að fjallað verði um þær heimildir sem Fjármálaeftirlitið hefur til að bregðast við aðstæðum eins og þeim þegar fyrirtæki, sem ekki hefur starfsleyfi en hefur rekstur útlánasafns með höndum, gengur lengra gagnvart viðskiptavinum við innheimtu en fjármálafyrirtæki sem hafa starfsleyfi hafa kosið að ganga. Nánar tiltekið verði heimildirnar tilgreindar, efni þeirra greint og sett fram mat á því hvers konar aðstæður þurfi að vera uppi svo mögulegt teljist að beita þeim.

Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.) hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með rekstri fjármálafyrirtækis sem er stýrt af slitastjórn, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur starfsleyfi eða takmarkað starfsleyfi eða hvort starfsleyfi þess hafi verið afturkallað. Þá heyrir dótturfélag fjármálafyrirtækis í slitameðferð sem heldur utan um eignir þess jafnframt undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins samkvæmt ákvæðinu. Samkvæmt lokamálslið ákvæðisins nær eftirlitið m.a. til viðskiptahátta þess sem felur meðal annars í sér að framganga þess gagnvart viðskiptavinum skal vera í samræmi við það sem almennt tíðkast hjá fjármálafyrirtækjum með gilt starfsleyfi.

Þá kemur fram í athugasemdum við 3. gr. laga nr. 78/2011 sem varð að 101. gr. a fttl. að þegar metið er hvort störf slitastjórna teljist aðfinnsluverð skuli Fjármálaeftirlitið m.a. líta til þess hvort farið hafi verið að reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur auk þess sem lítið skal til þess sem almennt tíðkast í viðskiptum einstaklinga og fyrirtækja við starfandi fjármálafyrirtæki þegar um er að ræða viðskipti við einstaklinga og lögaðila. Einnig ber að líta til þess hvort slitastjórn hafi fylgt þeim reglum sem um störf hennar gilda samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., eftir því sem við á.

Með vísan til framangreinds hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með viðskiptaháttum dótturfélags fjármálafyrirtækis í slitameðferð sem heldur utan um eignir þess og getur gripið til ráðstafana ef framganga þess gagnvart viðskiptavinum er ekki í samræmi við það sem almennt tíðkast hjá fjármálafyrirtækjum með gilt starfsleyfi. Til að unnt sé að staðhæfa að fjármálafyrirtæki í slitameðferð eða dótturfélag þess hafi brotið gegn framangreindu ákvæði laga um fjármálafyrirtæki þarf að vera fyrir hendi tiltekin framkvæmd sem almennt tíðkast hjá fjármálafyrirtækjum með gilt starfsleyfi. Við mat á framangreindu þarf að líta til ýmissa sjónarmiða eins og hversu viðtæk framkvæmdin er, þ.e. hversu hátt hlutfall fjármálafyrirtækja í sambærilegri stöðu fylgir umræddri framkvæmd og hvort hún endurspeglir eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

Virðist því þurfa að vera til staðar tiltekin framkvæmd sem flest eða a.m.k. meirihluti fjármálafyrirtækja í sambærilegri stöðu fylgja. Þá verður framganga fjármálafyrirtækis í slitameðferð eða dótturfélag þess sem heldur utan um eignir þess að vera í ósamræmi við þá framkvæmd sem almennt tíðkast hjá fjármálafyrirtækjum, sbr. framangreint.

Komi í ljós að viðskiptahættir fjármálafyrirtækis í slitameðferð eða dótturfélags þess gagnvart viðskiptavinum þess brjóti í bága við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti eða framganga þess sé í ósamræmi við það sem almennt tíðkast hjá fjármálafyrirtækjum með gilt starfsleyfi getur Fjármálaeftirlitið m.a. gripið til eftirtalinna ráðstafana:

1. Gert athugasemd og/eða farið fram á úrbætur, sbr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og beitt dagsektun skv. 11. gr. laganna ef aðili fer ekki að kröfu Fjármálaeftirlitsins um úrbætur.
2. Beitt stjórnvaldssektum ef félagið hefur brotið gegn 1. og 2. mgr. fttl. um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.
3. Beint kröfu til héraðsdóms um að víkja slitastjórn frá í heild eða að hluta af slitastjórnin hefur ekki unnið störf sín í samræmi við 1. og 2. mgr. 101. gr. a fttl. eða eftir atvikum samkvæmt öðrum lagaákvæðum, sbr. 4. mgr. ákvæðisins.

Athafnir Dróma hf.

Í bréfi nefndarinnar var óskað eftir að fjallað verði um það hvort Fjármálaeftirlitið telji að Drómi hf. hafi að einhverju leyti farið á svig við ákvæði laga með athöfnum sínum.

Eins og að framan greinir hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með viðskiptaháttum dótturfélaga fjármálafyrirtækis í slitameðferð sem heldur utan um eignir þess og falla viðskiptahættir Dróma hf. því undir eftirlit stofnunarinnar. Í almennum athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 78/2011 kemur fram að meðal þess sem Fjármálaeftirlitinu ber að taka til athugunar er innheimta lána og umbreyting þeirra.

Fjármálaeftirlitið vinnur nú að sérstakri athugun sem snýr m.a. að viðskiptaháttum Dróma hf. Í tengslum við þá athugun hefur Fjármálaeftirlitið óskað eftir frekari upplýsingum frá stærstu lánastofnununum til að unnt sé að leggja frekara mat á þá almennu framkvæmd við endurútreikning lána samkvæmt lögum nr. 151/2010 sem tíðkast hjá fjármálafyrirtækjum með gilt starfsleyfi. Þá hefur Fjármálaeftirlitið vakið athygli umboðsmanns skuldara á tilteknum viðskiptaháttum, í tengslum við endurútreikninga lána, með vísan til eftirlits umboðsmanns með endurútreikningum fjármálafyrirtækja á gengislánum neytenda á grundvelli reglugerðar nr. 178/2011, sbr. ákvæði XI. til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Loks hefur Fjármálaeftirlitið beint erindi til Neytendastofu þar sem óskað er eftir að hún taki til skoðunar hvort tilteknir fyrirvarar við endurútreikning lána á grundvelli laga nr. 151/2010 samræmist ákvæðum laga nr. 121/1994 um neytendalán.

Í tengslum við framangreinda athugun er rétt að það komi fram að Fjármálaeftirlitið sem stjórnvald er bundið af ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þannig ber stofnuninni að tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en það tekur ákvörðun í því, sbr. 10. gr. laganna, auk þess að veita aðila máls kost á að tjá sig um efni þess áður en tekin er ákvörðun í því, sbr. 11. gr. laganna. Með vísan til framangreinds og þess að athuguninni og stjórnsýslulegri meðferð hennar er ólokið er stofnuninni að svo stöddu ekki unnt að svara framangreindri spurningu nefndarinnar. Fjármálaeftirlitið mun þó að lokinni athuguninni taka ákvörðun um birtingu niðurstöðu hennar að teknu tilliti til 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins, gagnsæisstefnu stofnunarinnar og 13. gr. laganna um þagnarskyldu starfsmanna stofnunarinnar.



FJÁRMÁLAEFTIRLI

STJÓRNINGUR AF VILÐI BÚÐIÐ

Þá var óskað eftir því í bréfi nefndarinnar að fjallað yrði um það hvort athafnir Dróma hf. gagnvart skuldurum teljist að einhverju leyti frábrugðnar athöfnum annarra fjármálafyrirtækja. Vísað var til lokamálsliðs 1. mgr. 101. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og tekið fram að það væri mat nefndarinnar að þær aðferðir sem fjármálafyrirtæki með starfsleyfi beita við endurreikning útlána til viðskiptavina skapaði þannig viðmið sem ekki verði séð að slitastjórn eða stjórn fyrirtækis á borð við Dróma hf. hafi heimild til að víkja frá. Var þess óskað að Fjármálaeftirlitið setji afstöðu sína til þessa fram í minnisblaði sínu.

Vísað er til umfjöllunarinnar að framan um þá athugun sem unnið er að hjá stofnuninni.

Fyrirvarar við endurútreikning

Í bréfi nefndarinnar var óskað eftir að fjallað yrði um fyrirvara sem fjármálafyrirtæki eða fjármálafyrirtæki sem stýrt er af slitastjórn hafa gert við endurútreikning lána viðskiptavina sinna. Þar sem fram komi m.a. hve mörg þeirra geri slíka fyrirvara almennt við endurútreikning og hve mörg geri það ekki. Einnig komi fram hvort Drómi hf. hafi gert slíka fyrirvara og mat á því hvort þeir teljist að einhverju leyti frábrugðnar fyrirvörum annarra. Gangi fyrirvarar Dróma hf. að einhverju leyti lengra en fyrirvarar annarra fyrirtækja óskar nefndin eftir því að Fjármálaeftirlitið upplýsi hvort slíkt sé í samræmi við ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, eins og þeim var breytt með lögum nr. 78/2011.

Fjármálaeftirlitið hefur ekki upplýsingar um fjölda þeirra fyrirtækja sem gerðu fyrirvara almennt við endurútreikninga á lánum samkvæmt lögum nr. 151/2010 eða fjölda þeirra fyrirtækja sem gerðu ekki slíkan fyrirvara. Í tengslum við framangreinda athugun Fjármálaeftirlitsins hefur stofnunin hins vegar óskað upplýsinga frá stærstu lánastofnununum um það hvort þær hafi gert fyrirvara við endurútreikninga lána á grundvelli laga nr. 151/2010. Fram hefur komið að Drómi hf. hefur í tengslum við endurútreikninga á tilteknum lánssamningum gert fyrirvara við endurútreikninga sína. Þá hefur Fjármálaeftirlitið eins og áður hefur komið fram óskað eftir því við Neytendastofu að hún kanni hvort tilteknir fyrirvarar við endurútreikninga á lánum samkvæmt lögum nr. 151/2010 samræmist lögum nr. 121/1994 um neytendalán.

Fjármálaeftirlitið vísar að öðru leyti til framangreindrar umfjöllunar um athugun stofnunarinnar á viðskiptaháttum í tengslum við framkvæmd endurútreikninga lána á grundvelli laga nr. 151/2010.